

12. 02. 2022  
Ulfborg Dk.

Til nefndasviðs Alþingis.

**Umsögn um þingsályktunar tillögu 42/151 um stóreflingu innlendra matvælaframleiðslu og og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar.**

Í ofan nefndri þátttillögu í lið 19. er eftirfarandi orðalag:

*Framtíð loðdýraræktar verði tryggð, t.d. með ú.flutningsábyrgðum, fóðurstyrkjum og sérstökum framkvæmdalánum.*

Um þetta er að segja að loðdýraeldi í Evrópu er smátt og smátt að leggjast af. Jafnvel þó enn tíðkist loðdýraeldi í fáeinum Evrópuríkjum hafa fjölmörg EU ríki annaðhvort bannað loðdýraeldi eða hert svo reglur um dýrahald loðdýra að loðdýrabændur kjósa sér aðra atvinnu.

Ástæður þessarar þróunar er að loðdýraeldi telst nú almennt bijóta í bága við almennar reglur um velferð dýra, dýravernd og mannúð við umönnun dýra í landbúnaði. Það skýtur því skökku við að Ísland skuli ganga í aðra átt. Orðspor Íslands í dýravernd á undir högg að sækja, sérstaklega í ljósi umræðu í erlendum miðlum um blóðmerahald. Þessi liður ályktunarinnar gengur þvert á almennar reglur og sjónarmið l. Nr. 55/2013 um almenna velferð dýra enda er tekið fram í 1. Gr. laganna að “ [...] markmið laganna að þau [dýr] geti sýnt sitt eðlilega a.ferli eins og frekast er unnt ”.

Liður 19. í þátttillögu 42/151 gengur gegn markmiðum gildandi laga um dýravelferð og standa öll rök fyrir því að sá liður skuli falla burt.

Neðangreindur listi gefur yfirlit yfir þróun loðdýraeldis í Evrópu:

- Austurríki, Bretland, Króatía, Slóvenía, Bosnía og Herzegovína, Serbía og Makedónía hafa bannað loðdýraeldi.
- Frakkland bannar minkaeldi 2025.
- Sviss hefur sett reglur sem gera sömu kröfur til loðdýrahalds og gerðar eru til dýragarða. Afleiðingin er sú að loðdýraeldi hefur ekki viðgengist þar um árabíl
- Holland hefur bannað loðdýraeldi með refi og chinchillas. Síðustu minkabúin hættu starfsemi í kjölfar COVID smita í minkum á síðasta ári. Rétt er að geta þess að Holland hefur verið annar stærsti framleiðandi loðfelda í Evrópu.
- Tékkland bannaði loðdýraeldi 2019.
- Noregur bannar loðdýraeldi 2025.
- Belgía bannar loðdýraeldi 2023.
- Lúxemborg bannaði loðdýraeldi 2018.
- Slóvakía bannar loðdýraeldi 2025.

- Eistland bannar loðdýraeldi 2026.
- Danmörk hefur bannað loðdýraeldi í kjölfar smithættu af COVID19 og framlengt bann til ársins 2022. Nokkur pólitísk samstaða er um að banna loðdýrahald til framtíðar.

Virðingarfyllst,

Björn M. Sigurjónsson  
Illeborgvej 23  
6990 Ulfborg DK